

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Akureyri, 23. júní 2021
UST202003-254/S.R.B.
08.12.01

Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi Veiðifélags Eystri-Rangár Eyjarlandi

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Veiðifélags Eystri-Rangár vegna starfsleyfis til landeldis að Eyjarlandi í Bláskógarbyggð.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila þar sem hámark lífmassa má ekki fara yfir 20 tonn á hverjum tíma og ársframleiðsla sömuleiðis ekki yfir 20 tonn.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 23. júní 2037.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri